

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata nr. 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata nr. 9 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í því að lóðin nr. 9 við Strandgötu er stækkuð um 1,4 m til suðvesturs. Byggingarreitur stækkar um 3,4 m til suðvesturs og suðausturs. Stærð lóðar er 334 fm, stærð byggingar 2 hæðir og kjallari, byggingarmagn 601,2 fm. Hámarkshæð byggingar 8 m og nýtingarhlutfall 1,8. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgata 57.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. október 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Strandgötu 57, Hafnarfirði. Breytingin felst í viðbyggingu á 3. hæð og viðbótarlyftuhúsi, sem nær yfir hæðarkóta gildandi deiliskipulags. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ, Norðurbraut 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 7. september 2005, óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ í Hafnarfirði. Í gildi er deiliskipulag íbúðabyggðar í Norðurbæ, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 16. nóvember 1982. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur fyrir 62 m<sup>2</sup> bílskúr er gerður í norðvestur horni lóðarinnar við Norðurbraut 13. Portbyggt ris má vera á 2/3 hluta bílskúrþaksins austanmegin. Nýtingarhlutfall verður 0,6. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 10. nóvember 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005